



FRÉTTATILKYNNING  
FRÁ  
SKRIFSTOFU FORSETA ÍSLANDS

## FUNDIR Í WASHINGTON

Að loknum stjórnarfundum Special Olympics samtakanna í Washington átti forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson allmarga fundi með þingmönnum í fulltrúadeild og öldungadeild Bandaríkjaþings þriðjudaginn 8. nóvember og miðvikudaginn 9. nóvember.

Fundir forseta voru með William Frist leiðtoga repúblikana í öldungadeildinni, John McCain öldungardeildarþingmanni frá Arizona sem hefur beitt sér í umræðum um umhverfismál og hættur vegna loftslagsbreytinga, Tom Harkin öldungardeildarþingmanni frá Iowa sem átti ríkan þátt í löggjöf um stofnun Leifssjóðs í tilefni af þúsund ára afmæli landafunda í Vesturheimi og Jim Leach og Ed Markey þingmönnum í fulltrúadeildinni. Þá átti forseti fund með Ted Stevens frá Alaska, sem er einn helsti leiðtogi repúblikana í öldungadeildinni og einnig með Lisu Murkowski sem nýlega var kjörin í öldungadeildina fyrir Alaska, og fund með Robert Bennett öldungardeildarþingmanni frá Utah.

Meðal viðfangsefna á fundum forseta og bandarískra þingmanna voru framtíð og aukin samvinna þjóða á norðurslóðum, nýting hinna fjölþættu orkulinda sem þar er að finna, en talið er að á norðurslóðum sé um fjórðungur af framtíðarorkuforða mannkyns, samvinna um nýtingu jarðhita og ýmis fleiri hagsmunamál íbúa á norðurslóðum. Þá ræddi forseti einnig ítarlega hvernig efla mætti baráttuna gegn eyðni í veröldinni, einkum í Afríku, og hvernig Íslendingar, einkum íslensk lyfjafyrirtæki, gætu orðið þar að liði, en Bill Frist, leiðtogi repúblikana í öldungadeildinni, hefur mjög látið málefni Afríku til sín taka.

Einnig var á fundum forseta og bandarískra þingmanna rætt um framlag Special Olympics til að auka skilning á getu fatlaðra í íþróttum og mikilvægan þátt samtakanna við að treysta samvinnu milli þjóða heims.

Þá ræddi forseti ítarlega við Robert Bennett, sem situr í öldungadeildinni fyrir Utah, um samfélag Vestur-Íslendinga í fylkinu og aukin tengsl milli Íslands og fólks af íslenskum uppruna í Bandaríkjunum. Forsetinn tók í sumar þátt í hátíðarhöldum í Spánskum forki (Spanish Fork) í Utah þar sem fagnað var 150 ára afmæli fyrstu landnemabyggðar Íslendinga í Bandaríkjunum.

*10. nóvember 2005*

*Nánari upplýsingar um ferð forseta Íslands til Bandaríkjanna veita Skrifstofa forseta Íslands (540 4400) og Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028) Meðfylgjandi þessari tilkynningu í rafpósti eru ljósmyndir teknar á fundum forseta.*